

Sjálfboðaliðar óskast! Selatalningin mikla



Fimmtudagurinn 21 júlí kl 14:30

Hefurðu ástríðu fyrir villtum sjávarspendýrum?

Vertu með okkur á Selatalningunni miklu! Við þurfum hóp af sjálfboðaliðum til þess að aðstoða við selatalningar meðfram Vatnsnesi og Heggstaðarnesi í Húnaþingi vestra. Rannsóknarviðfangsefni Selasetursins verða kynnt áður en lagt er af stað. Þegar talningum er lokið verður boðið upp á kaffi og með því og sérfræðingar Selasetursins munu sitja fyrir svörum.



Fyrir frekari upplýsingar og skráningu, vinsamlegast hafið samband: **johanng@selasetur.is/S:8487023**

*Athugið að Selatalningin mikla er ekki ætluð börnum yngri en 5 ára. Börn undir 16 ára aldri þurfa að vera í fylgd foreldris/forráðamanns.



Starfslýsing sjálfbóðaliða

Á meðan Selatalningunni miklu stendur vinna sjálfbóðaliðar með starfsmönnum Selasetursins við að telja seli meðfram Vatnsnesi og Heggstaðarnesi í Húnaþingi vestra. Strandsvæðinu er deilt í smærri einingar (2-7 km) og sjálfbóðaliðum og starfsmönnum skipt í hópa. Áður en lagt er af stað verður Selatalningin mikla kynnt ásamt þeim rannsóknum sem hún mun gagnast.




Frábært tækifæri

Þáttaka í Selatalningunni miklu er frábært tækifæri til þess að fá innsýn í starfsemi Selasetursins. Okkar markmið er að þróa sjálfbæra ferðamennsku í skoðun villtra dýra og rannsaka ástand selastofna við Íslandsstrendur. Við reiðum okkur á sjálfbóðaliða til aðstoðar við rannsóknir.

Þáttökukröfur

Sjálfbóðaliðar þurfa að hafa ástríðu fyrir villtum sjávarspendýrum og vilja til þess að deila upplýsingum með starfsmönnum Selasetursins. Mikilvægt er að þáttakendur séu undirbúnir fyrir allar veðuraðstæður og geti gengið um ósléttar slóðir.



Selatalningin mikla hefst með kynningu við Selasetur Íslands fimmtudaginn 21 júlí kl 14:30.